

9. gr.

41

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum 11. apríl nr. 29, 16. des. 1885, sbr. lög nr. 10, 20. júní 1923.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð og fer um mál út af slíkum brotum, sem um almenn lögreglumál.

Samþykkt þess sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 15. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð 42
Arnarneshrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og 6. maí kirkjumálaráðherra 6. maí 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Líknarsjóð Arnarneshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Líknarsjóður Arnarneshrepps“.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af kvennfélaginu „Freyja“ í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, og er stofnféð að upphæð kr. 100,00 — eitt hundrað krónur — sem félagið gefur til minningar um dánar félagskonur. Ætlun félagsins er að efla hann og auka með minningargjöfum, áheitum og öðrum gjöfum, er sjóðnum kunna að áskotnast.

42 **3. gr.**
6. maí Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga, sem heimili eiga í Arnarneshreppi.

4. gr.
Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Arnarneshrepps eða öðrum jafntryggum sjóði.

5. gr.
Vextir allir, áheit og gjafir til sjóðsins leggjast við höfuðstólinn þar til hann er orðinn kr. 1000,00 — eitt þúsund krónur —. Úr því má verja til styrkveitinga $\frac{4}{5}$ vaxta á ári hverju. Það af vöxtum sjóðsins, sem eigi er úthlutað, og sem aldrei má minna vera en $\frac{1}{5}$, og allir vextir þau árin sem engu er úthlutað, legst við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.
Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn kvennfélagsins „Freyja“ meðan það starfar. Skal honum stjórnað af 3 kvenna stjórnarnefnd, sem kosin er til 3 ára í senn á aðalfundi félagsins. Annast nefnd þessi fjármuni sjóðsins og úthlutar styrk úr honum. Tveir endurskoðendur skulu kosnir á sama hátt og stjórnarnefnd sjóðsins en þó aðeins til 1 árs í senn. Reikningar sjóðsins skulu birtir á hreppsfundi Arnarneshrepps 3. hvert ár eftir að farið verður að úthluta styrknum. Leysist félagið upp skal ákveða á hreppsfundi hverjir fara skulu með stjórn sjóðsins.

7. gr.
Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Hjalteyri, 15. apríl 1929.

F. h. kvennfélagsins „Freyja“.

Dóra Stefánsdóttir.